

Finnur Birgisson,  
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
16 FEB. 2010 10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. febrúar 2010


Tilvísun: UST20100200032/óaj


### Breyting á deiliskipulagi: Skarhólabraut að Desjamýri

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 4. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um framangreint deiliskipulag. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að vegurinn verði byggður sem tengibraut með vegbreidd 7,5 m. Gert er ráð fyrir einni akrein í hvora átt með bundnu slitlagi og verður vegurinn hannaður fyrir 60 km/klst hámarkshraða. Vegurinn liggur undir hlíðum Úlfarsfells, meðfram iðnaðarhverfi í Flugumýri. Gert er ráð fyrir alls 5 gatnamótum á skipulagssvæðinu. Innan skipulagssvæðisins er einnig gert ráð fyrir reiðleið og nýrri gönguleið meðfram Skarhólabraut að Flugumýri.

Í deiliskipulaginu er fjallað um áhrif aukins hávaða á íbúðar- og iðnaðarbyggð á svæðinu og telst hávaðinn innan marka sem tilgreindur er í reglugerð nr. 939/1999 um hávaða. Á umræddu skipulagssvæði eru hvorki náttúruverndarsvæði né svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar er umrædd deiliskipulagsbreyting ekki til þess fallinn að hafa veruleg áhrif í för með sér og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við breytinguna.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun